

III. Hugmyndir að viðburði

- Gönguferð um nágrennið
- Hjólaferð út í bláinn
- Fjöruferð, t.d. við Stokkseyri mikið dýralíf í pollum
- Skógarferð, Þrastarskógur
- Hellisskógur (borða nesti og drekka kakó í hellinum)
- Fuglaskoðunarferð, friðlandið í Flóa
- Sveitaferð, lambaferð, réttarferð
- Skiðaferð, sleðaferð
- Skautuferð, ca. 5. bekkur og uppúr
- Óvissuferð
- Sundferð (fritt í sund fyrir börn)
- Fjallganga
- Grillveisla
- Útihátíðir, hreystikeppni, sjá leikjavefinn
- Jólatriðsferð
- Aðventugöngu
- Stjörnufræði, sjá stjornufræði.is
- Skemmtikvöld, bekkjarkvöld 4.-7. bekkur
- Diskó — Við eigum diskóljós!
- Spilakvöld, félagsvist eða blönduð spil
- Bingó — Við eigum vél og 400 spjöld!
- Menningarferð, t.d. leikhús, bíó
- Safnaferð
- Vinnustaðaheimsókn
- Keila
- Myndakvöld
- Pizzukvöld
- Kökukvöld
- Kósýkvöld, borða saman
- Hrekkjavökupartý
- Furðufataball, náttfataball
- Þorrablót
- Laufabrauðsgerð
- Piparkökumálun
- Hlaðborð, allir leggi eitthvað til
- Myrkvaganga
- Foreldraklúbbur eða kaffifundur með foreldrum (án barna)

Útivistarreglur

1.september — 1.maí:

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20.

13-16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22.

Aldursmörk miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.



Bekkjarskemmtun í íþróttarhúsum Árborgar

Tenglar sem hafa áhuga á að vera með bekkjarskemmtun í einhverju af íþróttarhúsum á Árborgarsvæðinu geta haft samband við Braga bragí@arborg.is. Það þarf að koma fram dagsetning og tímasetning, hann athugar svo hvort það er laust einhversstaðar. Æskilegast er að allir skólarnir þrír koma sér saman um bekkjarskemmtun í íþróttarhúsum.

Foreldrastarf í Sunnulækjarskóla 2013-2014



“Ef foreldrar nemenda í bekk eða skóla ná að stilla saman strengi um meginviðmiðanir í uppeldismálum aukast líkur á árangri í skólastarfinu, þ.e. námsárangri, almennri velferð nemenda og forvörnum.”
“Foreldrafélög skulu leggja áherslu á sem virkast foreldrastarf í einstökum umsjónarhópum eða bekkjardeildum.”

Úr Aðalnámskrá Grunnskóla 2011

I. Tenglafundur - Samráð á milli umsjónahópa í sama árgangi

Mikilvægt er að samráð sé á milli bekkjartengla í sama árgangi þannig að um keimlíka dagskrá sé að ræða í árgöngum. Við mælum þess vegna með að tenglar í hverjum árgangi hittist og stilli saman strengi. Nöfn bekkjartengla eru á heimasíðu skólans.

II. Árlegur foreldrahittingur - kaffispjall

Við mælum með að tenglar boði stuttan fund með foreldrum snemma um haustið þar sem vetrarstarfið er mótað. Þar fær fólk t.d. tækifæri til að kynna, ræða saman um reglur og uppeldisaðferðir og skiptast á skoðunum um skólann. Foreldrasáttmálinn er t.d. ágæt leiðarvísir fyrir foreldra þegar þeir hittast á fundinum. (sjá heimiliogskoli.is)

Dæmi um umræðuefni:

- Bekkjarskemmtun
- Net- og símasamskipti um kvöldið (rafrænn útvístartími)
- Afmælishald, afmælisjafir
- Facebook, Formspring, MSN, Snapchat o.fl.
- Nesti, hjálmanotkun o.fl.
- Útivistarreglur
- Vímuefnaneysla
- Forvörn gegn einelti
- Eftirlitslaus partí
- Tölvu- og netnotkun
- Útskriftaferð 10. bekkinga



Afmælishald

„Ágæt regla er að bjóða öllum af sama kyni úr sama umsjónarhópi. Ef allir bjóða bara bestu vinunum, þá eru einhverjir sem fá sjaldan eða jafnvel aldrei afmælisboð. Afmæli getur verið gott tækifæri til að kynna fleirum en nánustu vinum barnsins. Það á ekki að dreifa afmælisboðskortum í skólanum og það er sjálfsgöð kurteisi að láta vita ef barn kemst ekki í afmæli.“

Úr bæklingnum "Saman gegn einelti" sjá heimasíðu foreldrafélags Sunnulækjarskóla

Nokkur ráð varðandi bekkjarskemmtanir:



- Flest má leysa með tölvupósti. Góð regla er að svara tölvupósti frá öðrum tenglum strax svo sendandi er ekki í óvissu um hvort pósturinn hefur verið lesinn/skilað sig.
- Ef erfiðlega gengur að koma tenglastarfið af stað, hafðu þá samband við stjórn foreldrafélags og við reynum að aðstoða ykkur.
- Reynum að halda kostnaði í lágmarki.
- Æskilegt er að vera með fyrsta viðburði fyrir 1. desember.
- Munið að senda auglýsingu á umsjónakennara og spyrja þá hvort þeir hafi áhuga á að vera með.
- Þið getið sent tölvupóst á foreldra í sama umsjónarhópi í gegnum MENTOR.
- Á Facebook síðu foreldrafélagsins undir glósur er að finna dæmi um auglýsingar fyrir bekkjakvöld sem tenglar geta aðlagð og nýtt sér.
- Æskilegt er að skipuleggja einn sameiginlegan viðburði í sveitarfélaginu. Dæmi: fjöruferð 1. bekkingar í Árborg.